



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Dalskóli

2025– 2026

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	9
4 Innra mat deilda 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs).....	13
4.1 Fífudalur og Mosadalur	13
4.2 Álfabjörg, Tröllabjörg og Vættabjörg	14
4.3 Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur	14
5 Umbótaáætlun 2025-2026	15
5.1 Umbótaáætlun Móa – Fífudalur og Mosadalur	15
5.2 Umbótaáætlun Dal – Álfabjörg, Vættabjörg og Tröllabjörg.....	18
5.3 Umbótaáætlun Dal – Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur	20
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	23
7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar.....	23
8 Foreldrasamvinna	24
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24
10 Fylgiskjal 1 - Skóladagatal	25
11 Fylgiskjal 2 – Umsögn foreldraráðs	26





Leiðarljós leikskólans

„Hamingjan er ferðalag,, og er skapandi starf okkar rauði þráður í gegnum alla vinnu með börnum.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Dalskóli leikskólahluti vinnur með hugmyndafræði Reggio Emilia þar sem skapandi starf er í hávegum haft. Auk þess er áhersla á útinám barnanna. Mikil áhersla er lögð á skráningar eða persónumöppu sem hvert barn byrjar að safna í frá fyrsta leikskóladegi.

Eins og alltaf biðu okkar hinar ýmsu áskoranir og verkefni sem þurfti að takast á við með ýmsum hætti. Áherslur okkar eru að hlúa að öllum einstaklingum í skólanum. Við leggjum okkur fram um að hlúa að velferð hvers barns í samvinnu við foreldra og forráðamenn. Starfsemi leikskólans byggist á lýðræðislegum vinnubrögðum og við höfum það að leiðarljósi að börnin njóti virkrar þátttöku í eigin leik og námi. Samfélagsleg ábyrgð, sjálfbærni og jákvæð samskipti eru einnig leiðarljós í daglegu starfi. Mikilvægt er að starfið taki mið af fjölbreytilegum barnahóp.

Verkefnin okkar voru mörg og skemmtileg allan veturinn. Sem betur fer gekk ýmislegt eftir sem við höfðum áætlað í síðustu starfsáætlun og endurmati. Smiðjuvinnan okkar gekk vel í vetur og var mikið um áhugaverðar og skemmtilegar smiðjur í báðum húsum þar sem börnin nutu sín við að kafa dýpra í þau verkefni sem fönguðu áhugasvið þeirra.

Að venju tóku elstu börnin þátt í Barnamenningarhátíð. Hún tókst með miklum ágætum og vakti mikla athygli eins og alltaf. Börnin hafa unnið með hin ýmsu verkefni í takt við smiðjur vetrarins og alltaf er sama gleðin og metnaðurinn í kring um þá vinnu alla. Farið var á listasöfn og ýmsar ferðir í kringum smiðjurnar og vöktu þær ferðir lukku að vanda.

Við leggjum áherslu á markvisst innra mat þar sem reglulega er farið yfir starfsemi leikskólans með það að markmiði að efla gæði og þróa starfið í takt við þarfir barnanna og samfélagsins. Matinu er beitt til að greina styrkleika, finna tækifæri til umbóta og styðja við faglegt lærdómssamfélag.

Ytra mat er tekið alvarlega og nýtt sem tækifæri til að styrkja og efla faglegt starf. Við tökum virkan þátt í eftirfylgni og rýnum niðurstöður til að tryggja að við séum stöðugt að bæta okkur.

Við horfum björtum augum til framtíðar Dalskóla og verkefnanna fram undan.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið?	Sameiginleg sýn/ uppeldis- og menntastarf
Hvernig fór matið fram?	Á fagfundum með stjórnendateymi, deildarstjórum, sérkennslustjórum, fagstjórum og stjórnendum. Á deildarfundum með öllu starfsfólki deilda. Á stýrufundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Allt starfsfólk skólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Höfum skert á sameiginlegri sýn og aukið fræðslu um Reggio Emilia. Meiri samvinna á milli húsa mikilvæg. Fræðsla um stefnuna okkar Reggio er nauðsynleg, sérstaklega fyrir nýtt starfsfólk. Megum hlusta betur á raddir barnanna og gera rýmið að þriðja kennaranum sbr. markmið Menntastefnu Reykjavíkur um að efla notkun leiksins sem námsleið. Allt starfsfólk skólans sótti námskeið og fræðslu á vegum Jafnréttisskólans í vetur með það að markmiði að fá regnbogavottun. Unnið er að innleiðingu hennar og erum við komin langt á veg. Er það liður í inngildingu allra sem og farsæld barna. Vinnum markvisst að eflingu læsis í viðum skilningi.

Hvað var metið?	Reggio Emilia
Hvernig fór matið fram?	Metið á deildarfundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsmenn á deildum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Vinna samkvæmt Reggio gengur vel. Helstu áskoranir eru að nýta umhverfið sem þriðja kennarann. Dalskóli er menningarskóli og við förum eftir menningarnámskrá Reykjavíkur.





Hvað var metið?	Læsi í víðum skilningi og málörvun
Hvernig fór matið fram?	Á deildarfundum og fagfundum. Litið var til áherslna og markmiða Menntastefnu Reykjavíkur. Niðurstöður HLJÓM2 prófa bornar saman við niðurstöður liðinna ára.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi / sérkennslustjórar / deildarstjórar og starfsfólk á deildum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Mikil ánægja með tónlistarstundirnar og málörvunarpokana sem settir voru upp og aðgengilegir fyrir starfsfólk. Hjálpar til við að sem flestir geta tekið málörvunarstundir. Mikil ánægja með að lög mánaðarins séu send bæði á starfsmenn og foreldra, bæði textar og hljóðskrá. Starfsfólk tók eftir að börnin voru að hlusta heima með foreldrum og systkinum. Voru foreldrar almennt mjög ánægðir með þetta. Unnum einnig með tilfinningalæsi, t.a.m. með Vináttu verkefni Barnaheilla, og munum halda áfram þeirri vinnu. Byrjum við alltaf veturinn á vináttusmiðju. Nýtum sjónræn skilaboð til að efla umhverfislæsi barna. Megum auka sjónrænar reglur og viðmið í leik og á svæðum, sem og sjónrænt dagskipulag. Einnig að nota sjónræn skilaboð markvissara. Fræðsla frá MML var á skipulagsdegi þar sem var farið í málörvun í ólíkum hópi þar sem geta er mjög mismunandi. Þurfum að byrja mun fyrr á HLJÓM2 prófum, auka við almenna málörvun á hljóðkerfispáttum sem og að bæta við íhlutun vegna slakrar færni í HLJÓM2. Gott aðgengi er að bókum og fjölbreyttu lesefni, bæði innan deilda sem og einstakt aðgengi að Borgarbókasafni Úlfarsárdal hér innanhúss. Mikið samstarf milli skólastiga og samfella í námi.





Hvað var metið?	Mannauður og starfsþróun
Hvernig fór matið fram?	Metið á fagfundum, deildarfundum og á stöðufundi með lberis. Einnig mat þátttakenda á einstökum námskeiðum, niðurstöður voru kynntar stjórnendum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi / sérkennslustjórar og þátttakendur námskeiða
Helstu niðurstöður mats	Reynt var að nýta mannauðinn og meta hvern einstakling að verðleikum, þannig að allir séu séðir og stuðlað að inngildingunni allra.
Hvað var metið?	Mannauður - starfsþróun
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Íslenskunámskeið var fyrir og eftir áramót. Mikil ánægja var með það hjá starfsmönnum af erlendum uppruna, margir starfsmenn tóku miklum framförum sem endurspegluðist í starfinu. Einnig varð það til aukinnar inngildingar starfsfólks af erlendum uppruna. Oft var þó erfitt að brúa bilið í mönnun þegar námskeiðið var og reyndist það áskorun. Sísi og Sóley mannauðsráðgjafar komu á skipulagsdag með fyrirlestur/ námskeið um samskipti á vinnustað og jákvæð viðhorf. Vakti það mikla lukku. Í framhaldinu vaknaði umræða um vinnslu samskiptasáttmála. Deildarstjórar og sérkennslustjórar fóru á 5 skipta námskeið í stjórnun, samskiptum og forystu, m.a. í Saga Story House. Voru þátttakendur þar mjög ánægðir með námskeiðið og fannst það gagnast sér vel í starfi. Jók þetta á samstarf og samskipti milli húsa þar sem þau fóru saman í litlum hópum. Allt starfsfólk skólans fór á námskeið á vegum BOFS um einkenni kynferðisofbeldis gegn börnum. Í farsældarviku fór fram mikil kynning á nýjum farsældarlögum, m.a. með kynningu á Torginu.





Hvað var metið?	Stjórnun, upplýsingaflæði og skipulag
Hvernig fór matið fram?	Á fagfundum
Hverjir tóku þátt í matinu?	Deildarstjórar, sérkennslustjórar og stjórnendateymi
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Reglulegir fundir eru nauðsynlegir, gera fundaplan fyrir veturinn, senda formleg fundarboð. Gera fundargerðir á hverjum fundi og senda út fyrir fundi hvað á að ræða.
Hvað var metið?	Upplýsingaflæði og skipulag
Hvernig fór matið fram?	Samtöl við starfsfólk skólans, fagfundir og deildarstjórafundir
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi/fagteymi skólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þegar fundir falla ítrekað niður minnkar upplýsingaflæðið mikið. Þá náum við einnig minna að stilla saman strengi og sameiginlega sýnin minnkar. Þurfum að festa fundi niður áður en dagskipulag er fullunnið svo tryggara sé að þeir verði.

Hvað var metið?	Farsæld barna - BBB
Hvernig fór matið fram?	Á fagfundum og lausnar-teymi innanhúss.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi / sérkennslustjórar / deildarstjórar og fagstjórar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Tengiliðir farsældar eru sérkennslustjórar og hefur það gefist vel í vetur. Innleiðing nýju farsældarlaganna gengur vel og erum við búin að aðlaga verklag og verkferla í samræmi við þau. Kynntum vel nýjar áherslur farsældar sem og BBB á fagfundi í vetur og deildarstjórar kynntu það áfram til sinna starfsmanna. Kynningarbréf var sent á alla foreldra og forsjáraðila, auk þess sem veggspjöld með upplýsingum um verklagi varðandi farsæld barna er lýst. Ný staða í snemmtækri íhlutun er í þróun við skólann og verður áfram í þróun næsta vetur.





Ytra mat

Hvað var metið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun send á foreldra
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar og forsjáraðilar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almenn ánægja er með leikskólann. Það kom fram að það þarf að bæta upplýsingaflæði með fréttabréfum í eldri barna húsinu, sem að unnið verður með í vetur. Einnig að auka upplýsingar um starfsmenn deilda, nöfn og myndir við deildir sem og nýtt starfsfólk kynnt. Auk þess voru foreldraviðtöl sein í ár og því festum við tíma fyrir þau á skóladagatali.

Hvað var metið?	Starfsmannakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun send á allt starfsfólk
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Við þurfum að bæta þátttöku í könnuninni. Mikilvægt er að bæta upplýsingaflæði sem hefur verið bætt með reglulegum fundum í vetur. Þarf að gera á fjölbreyttari hátt í nútímasamfélagi til að ná til sem flestra. Kynna þarf betur sýn og stefnu skólans fyrir öllu starfsfólki.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna .

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun/ sameiginleg sýn	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Stjórnun og sameiginleg sýn
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Festa reglulega stýri- og samráðsfundi, bæði stjórnendateymið í heild sem og stjórnenda. Bæta upplýsingaflæði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þróun faglegs samtals, samtal um fagmennsku og gæði í skólastarfi. Halda áfram með fagfundi. Innleið grænu skrefin, sbr. Menntastefnu Reykjavíkur.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar, fagstjórar, sérkennslustjórar og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í upphafi skólaárs 2025, endurmetið í lok vorannar 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Starfsmannasamtöl og starfsmannakönnun á vorönn 2026. Metið reglulega á fundum yfir veturinn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Deildarstjórafundir a.m.k. tvisvar í mánuði. Stýrifundir a.m.k. einu sinni í mánuði. 5 – 6 fagfundir yfir veturinn





Uppeldis- og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Uppeldis og menntastarf: Reggio Emilia og læsi
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Styrkja Reggio Emilia þætti starfsins, m.a. bæta leikumhverfi barna. Halda áfram að þróa tónlistarstarf með sköpun og læsi að markmiði. Efla þannig listgreinar í skólastarfi og við erum „Syngjandi skóli“, sbr. Menntastefnu Reykjavíkur. Höfum lagt áherslu á að vinna með textana í lögunum sem hafa verið valin. Tengt vettvangsferðir, útikennslu og safnaheimsóknir við lögin. Efla læsi í víðum skilningi og auka málörvun. Þróa áfram og efla málörvun í gegnum tónlist og leik, bæta verkferla í tengslum við HLJÓM2, auka málörvun á daglegu starfi deilda, sbr. Menntastefnu Reykjavíkur. Byggja upp samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs um samstarfsverkefni máltöku og inngildingu. Unnið er við að klára málstefnu sem er langt komin. Kynna sýn og stefnu skólans betur fyrir öllum, sérstaklega nýjum starfsmönnum, sbr. Menntastefnu Reykjavíkur sem leggur áherslu á fræðslu fyrir starfsfólk. Fjölga fréttabréfum til foreldra þar sem starfið er kynnt sem og námslegar áherslur með það í huga að styðja og valdefla foreldra og forsjáraðila í hlutverki sínu. Festa foreldraviðtöl í skóladagatal.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Yfirfara og bæta glærukynningar fyrir nýja starfsmenn Taka frá tíma á skipulagsdögum fyrir kynningar, umræður og vinnu við leikumhverfi í anda Reggio Emilia sem og uppsetningu smiðjuvinnu með börnum. Sækja fræðslu og námskeið í málörvun og læsi, m.a. fá sérfræðinga til okkar á skipulagsdögum.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar, fagstjórar og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í upphafi skólaárs 2025, endurmetið í lok vorannar 2026.





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Samræður í rýnihópum, viðtöl við börn, skráningar í verkefnaöppur, sjálfsmat starfsmanna og kannanir meðal foreldra.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Gæðaviðmið leikskólans, aukin þátttaka barna, betri innleiðing markmiða úr skólanámskrá, fagleg sýn starfsfólks og inngilding allra. Menntastefna Reykjavíkur.

Mannauður/leikskólabragur	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Mannaður/leikskólabragur.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Styrkja enn fremur þann góða anda sem býr í skólanum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hefja vinnu að mótun samskiptasáttmála.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar, sérkennslustjórar, verkefnisstjórar og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hefst í ágúst 2025, endurmetið í maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Nýta skipulagsdaga í vinnustofur og rýnifundi.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Inngilding allra og fjölbreytni innan starfsmannahópsins, sbr. Menntastefnu Reykjavíkur. Virkur samskiptasáttmáli sem allt starfsfólk kemur að. Ná viðmiðum í gátlista Jafnréttisskólans um regnbogavottun skóla og stofnana.

Innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Innra mat
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Auka gæði í innra mati, efla faglegt samstarf og gera umbætur sýnilegar inni á deildum. Gera sameiginlega agastefnu.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þróun faglegs samtals, fræðsla um matstæki og skráningu, reglulegar rýnihópasamræður og samtal um fagmennsku. Næsta vetur er áætlað að bæta börnunum við í matið.





Ábyrgð	Stjórnendateymi leikskólans / deildarstjórar og sérkennslustjórar
Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hefst í ágúst 2025, endurmetið í maí 2026.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í upphafi skólaárs 2025, endurmetið í lok vorannar 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Samræður í rýnihópum, viðtöl við börn, skráningar í verkefnamöppur, sjálfsmat starfsmanna og kannanir meðal foreldra.
Viðmið um árangur	Gæðaviðmið leikskólans, aukin þátttaka barna, betri innleiðing markmiða úr skólanámskrá og inngilding allra.

Farsæld barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Innleiðing nýrra farsældarlaga. BBB – Betri borg fyrir börn.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Halda áfram innleiðingu farsældarlaganna. Skýra og þróa verkferla er varða farsæld barna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þróa áfram nýja stöðu snemmtækrar íhlutunar, verkferla er varða farsæld barna sem og hlutverk tengiliða farsældar. Kynna nánar fyrir foreldrum, senda aftur kynningarbréf ásamt tenglum á vefsíður BOFS, Farsæld barna sem og BBB.
Ábyrgð	Tengiliðir farsældar – sérkennslustjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2025 og lýkur í maí 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Metið út frá viðmiðum um farsæld barna og BBB. Metið á lausnarteymisfundum innanhúss, fagfundum og deildarstjórufundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Verkferlar skólans samræmist viðmiðum nýrra farsældarlaga sem og markmiðum BBB.





4 Innra mat deilda 2024-2025 (Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs).

4.1 Fífudalur og Mosadalur

Styrkleikar

Reggio Emilia: Lagt er áhersla á að börnin fái að rannsaka og upplifa viðfangsefnið sitt. Hver deild fær að nota Listasmiðju c.a 2x sinnum í viku. Þar er viðfangsefni smiðjunnar dýpkað enn frekar.

Smiðjuvinna: Smiðjuvinnan gekk almennt vel. Börnin nutu sín í smiðjuvinnu.

Málörvun: Verkfærakassi í málörvun er tilbúinn og aðgengilegur.

Leikurinn: Það er nokkuð um opinn efnivið á deildum. Einingakubbar og holukubbar eru mikið notaðir í leik barna. Það er gert ráð fyrir tíma fyrir frjálsan leik í dagskipulaginu. Í Listasmiðju er innra rýmið mikið notað fyrir frjálsan leik. Í því rými er skipt reglulega um opin efnivið sem tengist

Tækifæri

Smiðjuvinna: Í vetur vantaði upp á þekkingu starfsfólks almennt á hugmyndafræði Reggio og smiðjuvinnu í anda Reggio Emilia. Fræðsla var í haust en margir starfsmenn hófu störf seinna. Reynt var að leiðbeina á miðjum vetri með misgóðum árangri. Okkur langar að opna betur á tjáningarfrelsi barnanna og nýta hæfileika hvers starfsmanns, þannig að bæði börn og starfsfólk blómstri í starfi.

Málörvun: Að nýta verkfærakassann betur og oftar. Að allir starfsmenn séu meðvitaðir um tilvist hans og þeir noti hann á fjölbreyttan hátt. Hljómprófin þarf að gera snemma á haustin til þess að geta gripið snemma inn þar sem þarf.

Leikurinn: Við viljum bæta enn meira við opinn efnivið á deildum þá með kubbum og öðrum



4.2 Álfabjörg, Tröllabjörg og Vættabjörg

Styrkleikar

Smiðjurnar eru okkar styrkleikar þar sem unnið er og kafað ofan í áhuga barnanna.

Tónlistarstundirnar þar sem lögð er mikil áhersla á fjölbreytt lög sem tengjast smiðjunum okkar, árstíðum og tíðaranda. Auk þess hafa börnin fengið að kynnast hinum ýmsu hljóðfærum.

Málörvun, smærri hópar og markviss málörvun. Áhersla á spil og texta.

Tækifæri

Að vinna í smærri hópum, öll börn eru séð.

Mikið af tækifærum til málörvunar og snemmtækrar íhlutunar. Allir fá tækifæri til að tjá sig og leggja eitthvað til málanna í smærri hópum.

4.3 Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur

Styrkleikar

Veturinn gekk vel. Smiðjur voru á sínum stað þar sem leitast var við að elta áhuga barnanna og nýta hann í skemmtileg verkefni í anda Reggio Emilia. Smiðjurnar voru skemmtilega útfærðar þar sem unnið var með upplifanir, skynjun og uppgötvanir barnanna út frá efvið sem vakti áhuga þeirra. Efniviðurinn var nýttur í margskonar skemmtileg verkefni þar sem sköpun var höfð að leiðarljósi. Smiðjurnar heppnuðust vel og var ferli hvernar smiðju tekið saman í lokin í formi skráninga þar sem farið var yfir ferlið og upplifun barnanna í orðum og myndum.

Fráls leikur fékk mikið rými í vetur, bæði fyrst á morgnanna en einnig eftir hádegi

Tónlist fékk mikið rými fyrir áramót þegar tónlistarkennari sá um skipulagðar stundir. Eftir áramót fóru tónlistarstundir fram í samverustundum.

Tækifæri

Vera duglegri að nýta sérþekkingu hvers starfsmanns og veita honum rými til að nýta hana með börnunum í leik og starfi.



5 Umbótaáætlun 2025-2026

Umbótaáætlun deilda 2025-2026. Hér er fjallað um öll börn leikskólans og þeirra nám og áherslur t. d. menntastefna, skólanámskrá leikskóla. **Matið skal taka mið af fjölbreyttum barna hópi, börnum með stuðning, og áherslum leikskólans.**

5.1 Umbótaáætlun Móa – Fífudalur og Mosadalur

Fífudalur og Mosadalur 4-5 ára	Frjáls leikur og leikumhverfi
Umbótaþáttur/matsþáttur	Að leikur barna sé djúpur og langur.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk sé tilfinningalega til staðar fyrir börnin og viti hvað er að gerast í leiknum og geti stigið inn í með ítarefni eða leiðbeiningar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Starfsfólk þarf að vera til staðar, fylgjast með leik barna og vita hvað er að gerast, með það að markmiði að geta stigið inn ef þörf er á. Gera tiltekt að ánægjulegri athöfn og skilja eftir kveikjur að næsta leik.
Ábyrgð	Deildarstjórar og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst '25- júní '26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Reglulega á deildarfundum og starfsdögum.





Fífundalur og Mosadalur 4-5 ára		Læsi og málörvun
Umbótaþáttur/matsþáttur		Málörvun fyrir öll börn deildarinnar.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?		Að klára Hljóm-2 snemma í haust og byrja þar af leiðandi snemma á málörvunarhópunum fyrir þá sem þurfa. Auka málörvun inni á deild með þulum, sögum og bókum. Sönglög og textar séu nýttir til málörvunar og rýnt í orð og merkingar texta. Daglega er sungið inni á deildum og lög og textar notaðir sem tengjast hverri smíðju og eða árstíð. Gefa 10 fyrir öll börn deildarinnar. Nýta hæfnirammann fyrir tvítyngd börn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?		Skipuleggja Hljóm-2 og málörvunarhópa sem fyrst í haust. Innleiða í dagskipulagið sögustundir og halda áfram með söngstundir. Þjóða börnum upp á áhugaverðar bækur og skipta þeim reglulega út. Heimsækja bókasafnið oft. Gera snemma í haust skema fyrir hvert og eitt barn tengt Gefðu 10. Nota hæfnirammann fyrir tvítyngd börn meira.
Ábyrgð		Deildarstjórar, starfsfólk deildar, starfsfólk með réttindi á Hljóm-2
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?		September '25 – júní '26
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)		Á deildarstjórafundum og deildarfundum. Eru öll börn búin að taka Hljóm-2? Erum við að innleiða nægilega málörvun í daglegu starfi?





Fífudalur og Mosadalur 4-5 ára	Reggio Emilia
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Umhverfið sem þriðji kennarinn og dýpkun á hugmyndafræði Reggio Emilia.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að dýpka þekkingu starfsfólks á hugmyndafræði Reggio Emilia með fræðslu. Auka tjáningarfrelsi barnanna í daglegu starfi og smiðjunni. Hlusta á börnin og vinna með áhugasvið þeirra. Að starfsfólk verði færara í skráningum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýta skólabygginguna og nærumhverfið til fræðsluaukningar og smiðjuverkefna. Einblína á rannsóknir á viðfangsefnum í smiðjuvinnunni. Gera umhverfið á deildinni áhugavert, sem höfðar til barnanna og áhugasvið þeirra, og breyta uppröðun á deildinni reglulega. Deildarstjórar hafi yfirumsjón með smiðjuhópum.
Ábyrgð	Deildarstjórar, verkefnastjóri og starfsfólk deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst '25 til júní '26.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarstjórafundum og deildarfundum. Vikulegir fundir og skráningar með börnunum.



5.2 Umbótaáætlun Dal – Álfabjörg, Vættabjörg og Tröllabjörg

Álfabjörg, Vættabjörg og Tröllabjörg 3-4 ára	
Leikur og leikumhverfi	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skapa rými, tækifæri og tíma
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að virða leikinn og fræða starfsfólk um mikilvægi leiks. Skipuleggja leik úti og nýta garðinn betur fyrir leik.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gefa rými til leiks með smærri hópum og skipta deildunum meira upp
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deilda.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst og líkur í júlí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarfundum, markvisst að fylgjast með börnum í leik.

Álfabjörg, Vættabjörg og Tröllabjörg 3-4 ára	
Læsi og málörvun	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Málörvun hefur gengið vel í vetur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að halda áfram að efla markvissa málörvun á deildunum. Að sungið sé daglega inni á deildum í samverustundum og textinn notaður til málörvunar með því að rýna í orð .
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nota spil og vinna út frá áhugasviðum barnanna
Ábyrgð	Deildarstjóri, sérkennsla
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í sept og líkur í júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skimunartæki: Efi-2 , TRAS, Hæfnisrammar



Álfabjörg, Vættabjörg og Tröllabjörg Reggio Emilia	
3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skapa fallegt umhverfi sem hvetur til sköpunar, einnig þarf umhverfið að vera áhugavert og spennandi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Fylgja betur hugmyndum barnanna
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Koma með kveikjur t.d. fara í ferðir til að kveikja áhuga barnanna á viðfangsefnum
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september og líkur í júní
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Með skráningum og smiðjulokum



5.3 Umbótaáætlun Dal – Dvergadalur, Huldudalur og Töfradalur

Dvergadalur, Huldudalur, Töfradalur Reggio Emilia	
1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Skapa lifandi umgjörð þar sem börnin ráða ferðinni og leitast við að grípa áhuga þeirra og nýta hann sem kveikju að smiðjuvinnu.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vera duglegri að gefa börnunum rödd í því sem við erum að fást við hverju sinni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna í litlum hópum til að hægt sé að veita hverju barni rými til að láta rödd sína heyrast. Reyna að virkja alla starfsmenn deildarinnar til að taka fullan þátt í smiðjunum og skráningavinnu tengda þeim. Ekki festast endilega í þeim tímaramma sem hverri smiðju er gefinn, stundum eru smiðjurnar styttri og stundum aðeins lengri, taka tillit til áhuga barnanna og löngun þeirra til að uppgötva og leika með efniviðinn hverju sinni.
Ábyrgð	Deildastjóri og samstarfsfólk í samráði við deildarstjóra.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Byrja strax í fyrstu smiðju og fylgja því eftir þar til seinustu smiðju líkur.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fylgjast með í gegnum skráningar sem gerðar eru með hverri smiðju.



Dvergadalur, Huldudalur, Töfradalur		Læsi og málörvun
1-3 ára		
Umbótaþáttur/matsþáttur		Málörvun. Mikilvægt fyrir börn að tjá sig með orðum svo kennarar og samnemendur skilji. Við höfum verið duglegar að syngja með börnum. Styrkja börnin í að láta í sér heyra, skoða bækur og nefna hluti í daglegu lífi (náttúruleg kennsla).
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?		Lesi fleiri og fjölbreyttari bækur. Æfa þulur, vísur og rím með börnunum. Fá börnin til að tjá sig meira. Auka hversdagslegan orðaforða. Tengja orð við myndir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?		Skipta bókum oftár út og fá nýjar inn á deild. Finna þulur, vísur og rím sem hæfa aldri, æfa endurtekið. Nota opnar spurningar í spjalli við börnin. Náttúruleg kennsla í daglegum samskiptum við börnin. Nota bækur eins og Orð eru Ævintýri og Fyrstu 1000 orðin.
Ábyrgð		Deildarstjóri og starfsmenn á deild
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?		Haust 2025 Vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)		Fundir, TRAS, dagleg samskipti við börnin, samtöl og skráningar.





Dvergadalur, Huldudalur, Töfradalur 1-3 ára	
Leikurinn og leikumhverfi	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Frjálsi leikurinn er og hefur verið í fyrirrúmi hjá börnunum. Mikilvægt að gefa börnunum umhverfi og rými til þess að vera skapandi í leik sínum, hafa frelsi til þess að tjá sig og njóta sín. Skipulagður leikur er líka mikilvægur, sbr. íþróttir í sal.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Eignast meira af hráum efnivið. Eignast fleiri leikföng. Hafa leik mánaðarins, ýmist inni eða úti. Leika í minni hópum þar sem börnum gefst næði fyrir meiri sköpun í leik. Nýta betur rými deildarinnar.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Piggja efnivið af öðrum. Fylgja hópastarfi betur eftir. Skipa starfsfólk í föst verkefni
Ábyrgð	Deildarstjóri, annað starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2025 – Vor 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Áhorf í leik, fín- og grófhreyfingar metnar. Fylgst með samskiptahæfni o.s.frv.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

- Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2025-2026
- Starfsþróunarsamtöl við deildarstjóra fara fram á vormánuðum og í kjölfarið við annað starfsfólk. Unnið var út frá upplýsingum þaðan varðandi næsta vetur og fyrirkomulag inni á deildum.
- Verkefnastjóri myndlistar Arndís Gísladóttir með fræðslu um Reggio Emilia og smíðjuvinnu fyrir allt nýtt starfsfólk og þá sem óska eftir upprifjun
- Verkefnastjóri tónlistar Guðlaug Ásgeirsdóttir með fræðslu um mikilvægi tónlistar í starfi með börnum
- Soffía Ámundadóttir kom með fyrirlestur á starfsdegi varðandi áskoranir í sambandi við hegðun og ofbeldi barna.
- Sísí og Sóley komu með fræðslu um starfsanda og hvernig okkur getur liðið vel í vinnunni.
- Edda Björgvins var með fyrirlestur um jákvæðan hómor.
- Saga verkefnastjóri fjölmennningar kom með fræðslu varðandi vinnu inni á deildum með börn af ólíkum uppruna.
- Stjórnendur og deildarstjórar tóku þátt í leikskólaverkefni SFS í vetur þar sem þeir fengu handleiðslu og fræðslu um það hvernig hægt er að styrkja stjórnendateymið.
- Íslensku námskeið í allan vetur fyrir starfsfólk af erlendum uppruna
- Bára Kolbrún Gylfadóttir kom inn á deildir í áhorf ásamt nema. Þær fylgdust með starfsfólki og leiðbeindu varðandi náttúrulega kennslu. Reyndist það mjög vel og starfsfólk var ánægt með þessa handleiðslu og er áætlað að halda því áfram næsta vetur.

7 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar.

Starfsárið 2024-2025 var gott samstarf við grunnskólahluta Dalskóla og frístund. Hringekjan eins og það er kallað þegar elstu börnin í leikskólahlutanum og 1. bekkur grunnskólans hittast og vinna saman í litlum hópum þvert á aldur.

Frístundin eða Úlfabyggð bætti við vikulegum heimsóknum á þriðjudögum og fimmtudögum frá apríl og fram í maí. Þangað fóru þau í litlum hópum til þess að kynnast bæði frístundarstarfsmönnum og því starfi sem þar fer fram.

Bætt var inn fleiri tímum í sundkennslu hjá elstu börnunum og tók íþróttakennari grunnskólahlutans á móti elsta árganginum í Dalslaug.



Börn bæði úr Móa og Dal hafa verið dugleg að nýta sér Borgarbókasafnið sem staðsett er í Dalskóla í vetur. Þar hafa þau farið í sögustundir, lesið bækur og fleira.

8 Foreldrasamvinna

Sérstakar áherslur í foreldrasamvinnu á komandi ári.

- Boðið upp á kynningarfundir fyrir nýja foreldra á vori. Foreldraviðtöl tvisvar á ári. Auk þess sem við leggjum mikla áherslu á að foreldrar geti óskað eftir viðtali hvenær sem er
- Bónða- og mæðradagskaffi haldið í kringum bóndadaginn í febrúar og mæðradaginn í maí líkt og venjan hefur verið hér í Dalskóla.
- Smiðjulok hafa verið höfð 4 sinnum á ári og hefur foreldrum boðist að koma við í lok dags og labba um með börnunum og sjá það starf sem fram hefur farið.
- Lögð verður áhersla á góða samvinnu við foreldrafélagið og foreldraráð leikskólans.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar veturinn 2025-2026 eru eftirfarandi:

Fimmtudaginn 2. Október

Föstudaginn 28. Nóvember

Föstudaginn 2. Janúar

Föstudaginn 6. Febrúar – Dagur leikskólans

Föstudaginn 6. Mars

Föstudaginn 15. Maí

F. h. leikskólans Sólveig Þórarinsdóttir

Sólveig Þórarinsdóttir
Leikskólastjóri

02.07.2025
Dagsetning





10 Fylgiskjal 1 - Skóladagatal

Leikskóladagatal 2025 - 2026																																														
Nafn leikskóla:															Dalskóli - leikskólahluti																															
ÁGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ	JÚLÍ																																			
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M Fúðeldisdagurinn	1 F Nýsdagur	1 S	1 S	1 M Skráningardagur	1 F Verisýðisdagurinn	1 M	1 M																																			
2 L	2 D	2 F Skíplagsdagur	2 S	2 D	2 F Skíplagsdagur	2 M	2 M	2 F Skíldagur	2 L	2 D	2 F																																			
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 D	3 D	3 F Fostudagurinn længi	3 S	3 M	3 F																																			
4 M Verisunnarmanna	4 F	4 L	4 D	4 F Jólapessudagur	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L																																			
5 D	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Þáskadagur	5 D	5 F	5 S																																			
6 M	6 L	6 M Fúðeldisdagurinn	6 F	6 L	6 D Þrúskaldisdagur	6 F Skíplagsdagur	6 F Skíplagsdagur	6 M Annar í Þáskum	6 M	6 L	6 M																																			
7 F Opnum eftir sumarið	7 S	7 D	7 F	7 S	7 M	7 L Dagur fölskrákanna	7 L	7 D	7 F	7 S Slóðannadagurinn	7 D																																			
8 F	8 M	8 M	8 L einn	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F Maðarkaffi	8 M	8 M																																			
9 L	9 D	9 F	9 S	9 D	9 F	9 M	9 M	9 F Fúðeldisdagurinn	9 L	9 D	9 F																																			
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 D	10 D	10 F	10 S Mæðradagur	10 M Skólaskipti grunnskóla	10 F																																			
11 M	11 F	11 L	11 D	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L																																			
12 D	12 F	12 S	12 M	12 F	12 M	12 D	12 F	12 S	12 D	12 F	12 S																																			
13 M	13 L	13 M Fúðeldisdagurinn	13 F	13 L	13 D	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M																																			
14 F	14 S	14 D	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 D Dagur stærðfrönn	14 D	14 F Úppistinnigardagur	14 S																																			
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 F Skíplagsdagur	15 M																																			
16 L	16 D	16 F	16 S	16 D	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 D	16 F																																			
17 S	17 M	17 F	17 M	17 M	17 L	17 D	17 D	17 F	17 S	17 M Jóhannisdagurinn	17 F																																			
18 M	18 F	18 L	18 D	18 F	18 S	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L																																			
19 D	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F	19 F	19 F	19 D	19 F	19 S																																			
20 M	20 L	20 M	20 F	20 L	20 D	20 F	20 L	20 F	20 M	20 L	20 M																																			
21 F	21 S	21 D	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 F	21 D	21 S	21 D																																			
22 F	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 D	22 S	22 F	22 M	22 M	22 M																																			
23 L	23 D	23 F	23 S	23 D Þrúskaldisdagurinn	23 F Þrúskaldisdagurinn	23 M	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 D	23 F																																			
24 S	24 M	24 F Skráningardagur	24 M	24 M	24 L	24 D	24 D	24 F	24 S	24 M	24 F																																			
25 M	25 F	25 L Fyrsti vetrardagur	25 D	25 F Jóladagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L																																			
26 D	26 F	26 S	26 M	26 F Annar íslum	26 M	26 F	26 F	26 S	26 D	26 F	26 S																																			
27 M	27 L	27 M Skráningardagur	27 F	27 L	27 D	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M																																			
28 F	28 S	28 D Skráningardagur	28 F Skíplagsdagur	28 S	28 M	28 L	28 L	28 D	28 F	28 S	28 D																																			
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M Skráningardagur	29 F	29 S	29 S	29 F	29 M	29 F	29 M																																			
30 L	30 D	30 F	30 S	30 D Skráningardagur	30 F</																																									



11 Fylgiskjal 2 – Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2025-2026 Dalskóli

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Arnfríður Krístrún Sveinsdóttir

Fulltrúi leikskólahluta í skólaráði Dalskóla





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, starfsáætlunin endurspeglar vel það góða starf sem unnið var síðasta starfsár, þó að smávægilegir hnökrar hafi orðið vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, hún er bæði skýr og aðgengileg á heimasíðu Dalskóla. Það gæti verið gagnlegt að benda foreldrum á hvar hana er að finna, svo það sé öllum ljóst.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, hún gefur góða og áhugaverða innsýn í starfið og sýnir vel með hvaða hætti starfsfólkið leggur sig fram um að skapa öruggt og skapandi lærdómsumhverfi fyrir börnin. Hún gefur góða yfirsýn yfir áherslur, verkefni og umbótatækifæri og sýnir hvernig starfsfólk vinnur að stöðugri þróun og framförum í leikskólastarfinu.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Það er ánægjulegt að sjá að stefnt er að því að senda fleiri fréttir um daglegt starf og leggja meiri áherslu á að kynna nýtt starfsfólk. Það skiptir miklu máli fyrir upplifun foreldra og barna og styrkir tengslin og samstarfið milli leikskólans og heimilanna.

Að lokum viljum við hvetja til þess að dagskrá annarinnar verði kynnt á myndrænan og aðgengilegan hátt í upphafi annar sem dæmi fyrir utan deildirnar og að skólanámskrá verði jafnframt birt á heimasíðu skólans.

Foreldraráðið þakkar fyrir vandaða og metnaðarfulla starfsáætlun og faglegt starf leikskólans. Við kunnum vel að meta alla þá vinnu og umhyggju sem lögð er í að skapa börnunum okkar lærdómsríkan og gleðilegan dag í leikskólanum.

Fulltrúi leikskólahluta í skólaráði Dalskóla:

Arnfríður Krístrún Sveinsdóttir





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



